**337. Stjórnarfundur haldinn 26. ágúst 2009 kl:17:05**
**Mættir: Einar, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundagerð síðasta fundar.**
Lesin og samþykkt.

**2. Innkominn bréf.**
Bréf frá UMFÍ v/ boðunar á 46. sambandsþing UMFÍ í sal Fjölbrautaskóla Suðurnesja 10. – 11. október 2009 auk tilboða í hótelgistingu.
Bréf frá UMFÍ v/ umsóknar í Umhverfissjóð UMFÍ.
Bréf frá UMFÍ v/ fulltrúafjöld á 46. sambandsþing UMFÍ. Keflavík á sjö fulltrúa á sambandsþingið

**3. Send bréf.**
Engin.

**4. Ritun sögu félagsins.**
EH bauð Eðvarð T. Jónsson velkominn á fund aðalstjórnar. Eðvarð kynnti fyrir stjórnarmönnum innihald bókarinnar, saga Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags frá 1929 – 2009. Stjórnarmenn ánægðir með bókina.

**5. Íþrótta- og leikjaskóli.**
EH kynnti skýrslu íþrótta- og leikjaskólans. Hundrað og eitt barn tók þátt í þessum tveimur námskeiðum.

**6. 80 ára afmæli félagsins.**
EH skýrði frá því að í samráði við Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa RNB væri búið að fá Bíósal í Duushúsum undir sögusýningu félagsins. Áætlað er að sýningin standi í tvær til þrjár vikur. Formleg opnun verði 1. október og verður boðið sérstaklega til hennar af því tilefni. Umræður um sjálfan afmælisdaginn. Framkvæmdastjóra falið að skoða hvað kostar að vera með pinnamat fyrir ca. 100 – 120 manns.

**7. Önnur mál.**
EH skýrði frá stöðu mála varðandi tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum RNB.

Næsti fundur 9. september 2009 kl. 17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00
Fundinn ritaði SG